

5. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2011

Ályktun um jöfnun hlutfalls kynja við kennslu í grunnskólum

Skólinn á að endurspegla samfélagið sem best. Þrátt fyrir ágætar tillögur sem samþykktar voru á síðasta aðalfundi FG og á 4. þingi KÍ fyrir þremur árum hefur ekkert þokast í þá átt að jafna hlutfall kynjanna við kennslu. Aðalfundur FG 17.-18. maí 2011 beinir því til stjórnar FG að hefja samstarf við ríki og sveitarfélög um hvernig jafna megi kynjahlutfall meðal kennara. Fundurinn beinir því til stjórnar FG að standa skil á stöðu mála á ársfundi 2012.